



Skoðun Sjávarklasans

30. september 2011

Getum við skapað þúsundir starfa í sjávarklasnum?

Á síðustu árum hefur margoft komið fram að starfsfólki í sjávarútvegi og tengdum greinum fækki og fullyrt er það sé eðlilegt í ljósi hagræðingar og þverrandi auðlinda. Það er stundum sagt að þær þjóðir sem eigi mestu auðlindirnar séu auðlindablindar, sjái ekki skóginn fyrir trjánum. Á það við um okkur Íslendinga? Það er fullt af tækifærum sem við nýtum ekki í sjávarútvegi og tengdum greinum. Við erum svo upptekin af kvótaumræðu að við höfum ekki tíma í umræðu um tækifæri í þessari grein. Hér verður fjallað um hvernig sjávarklasinn svokallaði, þ.e. sjávarútvegur og tengdar greinar, getur skapað þúsundir starfa.

Hvar er vöxturinn?

Athuganir erlendis benda til þess að lítil sem enginn vöxtur sé í veiðum í heiminum en væntingar eru um vöxt í greinum sem eru afsprengi sjávarútvegs veiða og vinnslu¹. Reiknað er með að vöxtur í fiskeldi verði allt að 8% á ári á heimsmarkaði, vöxtur í tæknibúnaði fyrir m.a. fiskvinnslu verði um 5-6% á ári, útflutningur í ýmissi þjónustu tengdri hafinu um 5% og vöxtur í þróun lýsisafurða um 10%. Þá er talið að mestur vöxtur verði í margháttaðri sjávarlíftækni og hagnýtingu lífvirkra efna hafsins eða allt að 15-30% á ári. Þrátt fyrir góða viðleitni margra þá hefur Íslendingum ekki tekist að ná sama vexti í mörgum nýjum greinum eins og mörg nágrannalönd okkar. Þessu má breyta.

Í athugunum sem Íslenski sjávarklasinn hefur gert kemur fram að einstakir sprotar og atvinnustarfsemi sem tengjast sjávarútvegi og fiskvinnslu telja sig geta vaxið með að minnsta kosti svipuðum hraða og alþjóðamarkaður ef hagfelldar aðstæður verða til staðar hérlendis.

Fiskeldi

Nú eru teikn á lofti um uppgang í fiskeldi hérlendis. Kraftmikil fyrirtæki, bæði ný og þau sem fyrir eru, stefna á umtalsverðar fjárfestingar í fiskeldi. Miðað við nágrannalönd okkar eins og Noreg og jafnvel Danmörku, hefur fiskeldi vaxið lítið hérlendis á undanförunum 10

¹ Sjá m.a. The Royal Norwegian Society of Sciences and Letters (DKNVS) and Norwegian Academy of

árum. Tap sem varð á þessum rekstri fyrir röskum 20 árum virðist lengi hafa dregið þrótt úr greininni. Á meðan sóttu nágrannaþjóðir okkar fram og hafa náð umtalsverðum árangri á þessu sviði. Ef rétt er á málum haldið héraðs og hvatt er til áframhaldandi uppbyggingar og þeirra framkvæmda sem kynntar hafa á síðustu mánuðum, má gera ráð fyrir því að vöxtur í fiskeldi verði meiri hér á næstu árum en í mörgum nágrannalanda okkar. Starfsmenn í fiskeldi eru nú um 250 en hæglega má gera ráð fyrir að þeim fjölgi um 15-20% á ári á næstu árum að meðaltali. Fyrirtæki á borð við Fjarðalax, Matorku, Laxa, Arctic Fish ásamt norskum og spænskum aðilum hyggjast hefja eða auka starfsemi sína héraðs á þessu sviði. Hér ber þó að hafa í huga að sveiflur eru á fiskeldismarkaði og mörg lönd auka framleiðslu sína. Á móti kemur að spurn eftir eldisfiski fer vaxandi.

Tæknibúnaður

Mikill vöxtur hefur einnig verið í útflutningi tæknibúnaðar fyrir sjávarútveg og fiskvinnslu frá Íslandi. Tæknifyrirtæki munu líklega velta 30 milljörðum á árinu 2011 sem er 15% aukning frá árinu á undan. Erlendar athuganir benda til þess að vöxtur í spurn eftir tæknibúnaði í margháttáða matvælavinnslu á heimsmarkaði verði að minnsta kosti 5-6%. Íslendingar eiga framúrskarandi fyrirtæki í þessu sviði eins og Marel, Hampiðjuna, Héðinn og einnig minni fyrirtæki eins og Skagann, 3X, Frost, Vaka fiskeldiskerfi, Vélfag, Trackwell og mörg fleiri fyrirtæki sem hafa starfað á markaðnum um nokkurt skeið. Síðan eru að koma fram fjöldi fyrirtækja sem eru ekki ýkja gömul en hafa náð miklum árangri eins og Marorka, Valka, HBT International, Mode svo einhver séu nefnd. Sé reiknað með að íslensku tæknifyrirtækin vaxi um að meðaltali 8-10% á ári, þá má gera ráð fyrir að störfum í tæknigeiranum fjölgi um 1000 á næstu tíum árum.

Útflutningsjónusta

Norðmenn áætla allt að 10% fjölgun starfa í norskri útrás þjónustu í tengslum við hafið. Íslensk fyrirtæki eru að veita mun fjölbreyttari þjónustu við erlendan sjávarútveg en flesta grunar; fjármálaþjónusta, skipa- og vinnslutækni, þjónusta iðnaðarmanna, slippþjónusta, eftirlit á hafsvæðum o.fl. Nú má gera ráð fyrir að um 3-400 manns starfi við útflutning á þjónustu af þessu tagi héraðs en ef við náum að efla okkur á þessu sviði í samræmi við áætlanir Norðmanna þá getur störfum í þessum greinum fjölgað um allt að 15% á ári næsta áratug.

Lýsi og mjöl og tengd starfsemi

Áætla má að framleiðsla tengd lýsi og fiskimjöli vaxi um a.m.k. tíu prósent á ári næsta áratug. Í lýsisframleiðslu eru klárlega miklir möguleikar fyrir Íslendinga sem fyrirtæki á borð við Lýsi eru einmitt að nýta um þessar mundir. Fiskimjölið verður sífellt verðmætari auðlind prótíns sem án efa verður meira nýtt sem fæðubótarefni.


Flutninga- og hafnastarfsemi

Þá má nefna að íslensk flutningafyrirtæki hafa skapað sér sérstöðu í flutningum á fiskafurðum og enda þótt sú starfsemi sé að stórum hluta erlendis verða til hundruðir starfa hérlendis vegna hennar. Þessu tengt er ýmis konar hafnastarfsemi sem kann að aukast hérlendis með auknum norðurskautssiglingum og aukinni þjónustu íslenskra fyrirtækja eins og slippa o.fl. Hér er ekki reynt að áætla aukningu í hafnastarfsemi en minnt á að hér kunni einnig að vera tækifæri sem vert er að skoða.

Lífvirk efni hafnsins

Loks má nefna að mikil tækifæri eru í sjávarlíftækni en þar er talinn verða mestur vöxtur á heimsvísu. Vöxtur hérlendis á þessu sviði ræðst mikið af því hvernig tekst til að fjármagna rannsóknir og þróunarstarf á þessu sviði og nýsköpunarfyrirtæki. Nú þegar er til staðar fjöldi hæfra rannsóknaraðila sem hafa náð miklum árangri á þessu sviði hérlendis. Þar má nefna rannsóknir hjá Matís. Mörg fyrirtæki eru eða hafa haslað sér völl á þessu sviði eins og Kerecis og Ensímtækni. Hér kunna einnig að vera tækifæri í þörungavinnslu og lífverum undirdjúpanna þar sem kunna að leynast efni sem nýtast í lyf framtíðarinnar eins og Sesselja Ómarsdóttir dósent við Háskóla Íslands hefur bent á².

Myndin hér að neðan sýnir hvernig störfum getur fjölgað á komandi árum í störfum tengdum sjávarútvegi.



² Viðtal í Fréttablaðinu 3. september 2011.

Nú starfa við þær útflutningsreinar sem að framan eru nefndar um 2800 manns en ef rétt er á málum haldið getur þessum störfum fjölgað um 10% á ár og orðið ríflega 10 þúsund árið 2025. Miðað við þessar tölur má gera ráð fyrir að fleiri störf verði í þessum greinum en í veiðum og hefðbundinni innan áratugar.

Sátt skapar störf ...

Til þess að þessi spá megi ganga eftir þarf ýmislegt að spila með okkur. Mikilvægast er að sátt verði um framtíðarskipan fiskveiðistjórnunar og óvissu eytt. Með þeirri óvissu sem ríkir er hægt og hljóðlega dregið úr þróunarstarfsemi hérlendis á ýmsum sviðum eins og í þróun tæknibúnaðar o.fl. þar sem fjárfesting í nærri tækni hefur komi frá útvegnum. Þetta hefur komið skýrt fram í athugun Íslenska sjávarklasans á þeim 70 tæknifyrirtækjum sem eru starfandi hérlendis og flytja út tæknibúnað. Nú eru merki um að þessi þróunarstarfsemi sé að flytjast til Noregs og víðar, m.a. í þróun í líftækni, tækjabúnaðar o.fl. Þar eru fjármunir til staðar í langtímafjárfestingar af þessu tagi. Önnur vísbending um vissa stöðnun á innanlandsmarkaði er að síðustu þrjú ár er lítið sem ekkert um nýstofnun fyrirtækja í framleiðslu á tækni fyrir sjávarútveg og fiskvinnslu. Á síðasta áratug voru að minnsta kosti tvö fyrirtæki sett á laggirnar á ári í þessari grein.

Í öðru lagi þurfa fjárfestingarsjóðir og bankar að auka áhuga sinn á fyrirtækjum í sjávarklasnum. Setja þarf á laggirnar fjárfestingarsjóð sem sérhæfir sig í þessum greinum og fjárfestir í fjölbreyttum fyrirtækjum á þessu sviði. Ef tekst að eyða óvissu í sjávarútvegi á útgerðin að koma af meiri þunga í fjárfestingar í nýsköpunarfyrirtækjum í sjávarklasnum eins og í fiskeldi, tækniframleiðslu og ekki síst sjávarlíftækni. Svo þarf að efla rannsóknir. Í Noregi er talið að um 1300 manns starfi í tengslum við rannsóknir í norska sjávarklasnum. Við eigum töluvert í land í þessum efnum ef við ætlum að standa jafnfætis nágrönnum okkar.

... en stefnan þarf að vera skýr.

Störf verða verða sjaldnast til fyrir tilviljun. Þau verða til vegna þess að aðstæður eru til staðar fyrir fjárfestingar í nýjum tækifærum og það er hreinlega góð stemming fyrir greininni. Það hefur farið lítið fyrir margvíslegum fyrirtækjum í tengslum við sjávarútveg. Þau hafa vaxið hægt og hljótt án þess að vera mikið hampað.

Í Noregi hefur tækniklasi í tengslum við hafið verið starfandi um árabíl í Álasundi. Klasann mynda 15 verkfræði- og hönnunarfyrirtæki, 14 skipasmíðastöðvar, 159 framleiðendur á tæknibúnaði og 18 skipafélög. Árið 2002, þegar klasinn var settur á laggirnar var velta fyrirtækjanna í klasnum sem samsvarar 400 milljörðum íslenskra króna. Þá strax var

sett markmið um að velta fyrirtækjanna í klasanum yrði sem samsvarar um 2 þúsund milljörðum íslenskra króna árið 2016. Árið 2008 var velta klasans orðin sem samsvarar rúmlega eitt þúsund milljörðum íslenskra króna og starfsmenn voru um 21 þúsund talsins. .

Tækifærin liggja oft nær okkur en við höldum, nú vantar bara að koma á sátt um sjávarútveg, kortleggja ný tækifæri og skapa smá stemmingu fyrir uppbyggingu.

Nánari upplýsingar veitir Þór Sigfússon í síma 6186200.

Íslenski sjávarklasinn er samstarfsvettvangur fyrirtækja í haftengdri starfsemi sem hefur að markmiði að efla samstarf um haftengda starfsemi á Íslandi og kynna þau tækifæri sem margháttað starfsemi sjávarklasans getur falið í sér.